

Árangursrík innleiðing á Maintx viðhaldsstjórnunarkerfinu



1. Úttekt á eignum/Gerðu heimavinnuna

Hér er kærkomið tækifæri til að fara yfir og skrá fasteignir, tæki, bifreiðar og hluti sem þú vilt halda utan um í viðhaldsstjórnunarkerfinu. Skoðaðu vandlega hvernig best er að setja upp eignaskrána í kerfinu til þess að einfalda leit eða hvernig á skilgreina undirþætti eigna. Oft leiðir óvönduð uppsetning á eignaskránni til þess að árangurinn verður ekki eins og stefnt var að.

2. Farðu yfir fyrirbyggjandi verk

Allir framleiðendur tækja eru með leiðbeiningar um viðhaldsáætlanir, en hins vegar veit enginn betur en þú hvað er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir stöðvun á notkun tækja. Máttu ekki við óvæntum rekstrarstöðvunum? Áætlaðu fyrirbyggjandi verk og eftirlit oft. Er erfitt að nálgast vinnusvæði á háannatíma? Skipulegðu viðhald á helgum og utan notkunartíma. Þarf að framkvæma stór verk á starfsstöð? Áætlaðu fyrirbyggjandi verk 30 – 60 dögum áður til þess að tryggja að þú hafir tíma til þess að taka á öllum vandamálum.

Ein helsta ástæða kostnaðarlækkunar vegna notkunar viðhaldsstjórnunarkerfis er aukin notkun á fyrirbyggjandi verkum og reglulegu eftirliti til þess að fækka bilunum og neyðartilvikum og lengja notkunartíma eigna þinna.

3. Hafðu samráð við tölvudeild þína

Hafðu samráð við tölvudeildina til að tryggja að kerfið sé rétt sett upp og allt virki hjá fyrirtækinu eins og til er ætlast til að forðast seinkanir á uppsetningu og að notendur verði fyrir truflunum.

4. Gerðu gögnin þín tilbúin

Hvort sem þú ert að endurnýta margra ára viðhaldssögu úr öðru kerfi eða ert að byrja frá byrjun þá skiptir miklu máli að gögnin sem fara í kerfið séu sem allra hreinust því að þá verður þú fljótari að komast í gang með kerfið. Að hjálpa þér að undirbúa þetta og annast innlestur gagna er þar sem MaintSoft ehf getur komið að miklu liði. Oft seinkar gangsetningu á viðhaldsstjórnunarkerfinu þar sem þarfirnar varðandi innlestur gagna eru óskýrar milli aðila.

5. Prófaðu vél- og hugbúnað

Það síðasta sem þú vilt að gerist þegar kemur að þjálfun starfsmanna á kerfið er að það sé ekki tilbúið og þar með sé verið að eyða dýrmætum tíma. Tryggu að vél- og hugbúnaður sé tilbúinn áður en þjálfun hefst.

6. Skilgreindu upplýsingarþarfir þínar

Áður en þú byrjar á innleiðingu og þjálfun á viðhaldsstjórnunarkerfi er mikilvægt að ræða við viðhaldsstarfsdeildina, stjórnendur og bókhaldsdeildina um hvers konar skýrslur þessir aðilar vilja sjá út úr kerfinu. Hver á að fá reglulegar skýrslur um áætlanir? Hversu oft eiga þeir að fá þessar skýrslur? Hvaða skýrslur eru mikilvægastar fyrir fyrirtækið? Að hugsa um skýrslur fyrirfram stuðlaðar að því að kerfið sé sett upp, stillt og notað með þeim hætti að upplýsingarnar sem óskað er eftir berist. Þessi úttekt á upplýsingabörf hjálpar þér líka að skilgreina hvort þörf sé á einhverri aðlögun.

7. Þjálfaðu notendur

Þegar þú ert að búa til áætlun um þjálfun er mikilvægt að haga henni þannig að viðhaldsstarfsmenn fái þjálfun svo þeir geti hjálpað hver öðrum við dagleg verkefni og einnig að einhverjir fái þjálfun á alla þætti kerfisins og umsjón þess. Jafnframt er gott að huga að framtíðarþjálfun til dæmis 6 mánuðum eftir að byrjað er að vinna í kerfinu og þegar reynsla er komin á notkun þess. Þjálfun notenda er besta leiðin til tryggja að þú fáiir sem allra mest út úr viðhaldsstjórnunarkerfinu.

8. Úttekt á viðhaldsstjórnunarkerfinu

Skilgreindu fyrirbyggjandi verk til að taka út viðhaldsstjórnunarkerfið. Notaðu nokkrar klukkustundir t.d. einu sinni á ári til þess að fara yfir kerfið til að kanna hvort að þú sér með nýjustu útgáfu, ert að fá þær skýrslur sem þú þarfnast og ert að nýta til fullnustu alla möguleika kerfisins. Þetta er líka góður tímamunktur til þess að ræða við notendur og kanna hvort þörf sé á meiri formlegri þjálfun. Að gera þetta reglulega verndar fjárfestingu þína og hámarkar ávinning vegna viðhalds í fyrirtækinu.

Maintx er öflug hugbúnaðarlausn til þess að annast stjórnun á viðhaldi á öllum eignum fyrirtækja/stofnana, sem þarfnast þess að viðhald þeirra sé fyrirfram ákveðið og framkvæmt á réttum tíma.

Hafðu samband og fáðu kynningu á Maintx án kostnaðar eða skuldbindingar af þinni hálfu:

www.maintx.is